



Fundur háskólaráðs 26. apríl 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 23.04.2001 10:02:09

Dags: 26.04.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

6/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 26. apríl var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Fjármálanefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd mæla með erindi verkfræðideildar um nám í hugbúnaðarverkfræði til B.S.- og M.S.- prófa og nám í efnaverkfræði til B.S.- prófs, sbr. samþykkt deildarinnar 20. desember s.l. og viðbótar upplýsingar sem fjármálanefnd óskaði eftir. Deildin taki tillit til ábendinga kennslumálanefndar og vísindanefndar um námið og skipulag þess. Fjármálanefnd hefur fyrir sitt leyti samþykkt að tölvunarfræðiskor fái viðbótar c-kassa og því ætti allavega að vera unnt að bjóða upp á B.S.- nám í hugbúnaðarverkfræði til að byrja með, en fjármálanefnd gerir ekki athugasemd við B.S.- nám í efnaverkfræði, enda er ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna þess náms. Vísað er til umsagnar kennslumálanefndar 15. mars s.l., vísindanefndar 27. mars s.l. og fjármálanefndar 3. apríl s.l. Samþykkt einróma.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Gunnlaugi M. Sigmundssyni, framkvæmdastjóra Kögunar hf., dags. 19. mars s.l. er varðar ósk um viðræður um kaup á 35% hlut Háskóla Íslands í Flugkerfum hf. ásamt drögum að svarbréfi rektors þar sem fram kemur að Háskóli Íslands muni hafa samráð við samgönguráðuneytið og samgönguráðherra áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

2. Mál á dagskrá

- 2.1 Staðan í samningamálum Félags háskólakennara og ríkisins.
Rektor reifaði málið og ítrekaði að hann væri vongóður um að samningar takist áður en til verkfalls kemur, enda leggja allir aðilar sig fram um að ná samkomulagi. Inn á fundinn komu Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs, Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs og Jón Torfi Jónasson prófessor og gerðu grein fyrir stöðu og horfum í samningaviðræðum. Dagný Jónsdóttir lagði fram og gerði grein fyrir yfirliti yfir ályktanir og helstu aðgerðir Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna yfirvofandi verkfalls Félags háskólakennara. Málið var rætt ítarlega.
Rektor boðaði háskólaráð til fundar um hugsanlegan stofnanasamning mánudaginn 30. apríl n.k. kl. 10:30.
- 2.2 Fjármögnun rannsókna og þróunar í skólum á háskólastigi.
Frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 14:50